

# Skólanámskrá 2023-2024



**II. hluti**  
**Nám og kennsla**  
**1. bekkur**

**Umsjónarkennari: Hallfríður Guðný Ragnarsdóttir**

## EFNISYFIRLIT

Bakgrunnsupplýsingar.....	2
Íslenska.....	2
Stærðfræði.....	4
Enska.....	6
Samfélags- og Náttúrufræði.....	7
Upplýsinga- og tæknimennt.....	8
List- og verkgreinar.....	8
Heimilisfræði.....	9
Hönnun og smíði.....	9
Myndmennt.....	11
Textílmennnt.....	12
Skólaíþróttir.....	13

## Bakgrunnsupplýsingar

Í 1. bekk eru 8 nemendur, 4 strákar og 4 stúlkur. Alls fá nemendur 30 kennslustundir á viku. Umsjónakennari er Hallfríður Guðný, hún kennir íslensku, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði, ensku, upplýsingatækni og val. Gunnar Andri kennir íþróttir og Elísabet kennir heimilisfræði. Karitas kennir textílmennt, Dagný Rut kennir myndmennt og Dagbjört Lína kennir smíði.

### Viðmiðunarstundaskrá

Íslenska	7
Stærðfræði	5
Samfélags- og náttúrugreinar	6
Erlend tungumál - Enska	1
Upplýsinga og tæknimennt	1
Umsjón	1
Heimilisfræði	2 hálfan vetur
Myndmennt	2 hálfan vetur
Smíði	2 hálfan vetur
Textílmennt	2 hálfan vetur
Val	2
Sund	1
Íþróttir	2
<b>Samtals</b>	<b>30 kennslustundir</b>

## Íslenska

**Kennari: Hallfríður Guðný Ragnarsdóttir**

**Vikustundir: 7 kennslustundir**

### Lestur og bókmenntir

- Þjálfva undirstöðuatriði lestrar.
- Efla lestrarfærni.
- Auka orðaforða og efli lesskilning.
- Val á lesefni eftir áhuga og þörfum og sögur lesnar, ljóð, ævintýri og fræðilegt efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings.
- Beita hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskapi.
- Beita fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu.

- Kynnist íslenskum rithöfundum.
- Eflast í að lesa úr tákmyndum og myndrænu efni.

### Framsögn og hlustun

- Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.
- Endursegja sögu, lesa sögu og fara með ljóð fyrir aðra.
- Hlustað með athygli og horft á upplestur, leikið efni og fl. og tjáð upplifun sína.
- Geti tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hóp og staðið fyrir máli sínu.
- Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.

### Skrift og ritun

- Þekki rétta skriftarátt og þjálfist í að draga rétt til stafs.
- Þjálfra fínhyringar.
- Geti samið texta frá eigin brjósti og leyft öðrum að njóta þess.
- Geti beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi.

### Málfræði

- Geti beitt töluðu máli af nokkru öryggi.
- Ræður yfir orðaforða og málskilning sem hæfir þroska.
- Þekki helstu einingar málsins sbr. bókstafur, hljóð, orð og málsgrein í tengslum við lestrarnámið.
- Geti raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.
- Geti greint mun á samnöfnum og sérnöfnum.
- Geti leikið sér með orð og merkingu.

### Kennsluefni / kennslugögn

Lestrarland + vinnubók 1 og 2, léttlestrarbækur og ljósrituð leshefti, foræfinga- og sögublöð, efni af skólavef, efni af 123skoli.is, skriftarbækur, sögubækur, úrklippubókin mín, sögubókin mín, ýmsar þjóðsögur og ævintýri, þulur, ljóð, söngvar.

**1. önn:** Stafainnlögn, Markviss málörvun, foræfingar, stafavinna, Lestrarlandið+ vinnubók.

**2. önn:** Stafainnlögn, Markviss málörvun, Lestrarlandið + vinnubók 2, stafavinna.

### Kennsluhættir

Unnið er með alla þætti íslenskunnar (talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði) sem heildstæðast og þeir tengdir við þemu vetrarins.

Við lestrarkennslu er stuðst fyrst og fremst við hljóðaaðferðina en aðrar kennsluaðferðir fléttast þar inn í. Lestrarkennsla hefst strax í upphafi skólastarfs. Einn til tveir stafir eru lagðir inn í hverri viku. Unnið er með hvern staf og hljóð hans, ásamt orðmyndum í gegnum leik ásamt því að gera hann áþreifanlegan í gegnum ýmis verkefni. Einnig er unnið með Markvissa málörvun og lestrarkennsluefnið Lestrarlandið ásamt vinnubókum. Þegar nemendur hafa náð tengingu fá

Þeir léttlestrarbækur við hæfi og í framhaldi þegar hæfni þeirra eykst fá þeir lestrarbækur og lesa heima daglega. Jafnframt er reynt að láta nemendur lesa daglega í skólanum, 1-3x í viku í heimalestursbókum. Lögð er áhersla á aukinn orðaforða og lesskilning með margvíslegum verkefnum. Nemendur læra einnig ýmsar þulur, ljóð og söngva.

Í ritun er fyrst og fremst lögð áhersla á þjálfun fínhyrfinga. Kennnd eru frumatriði skriftar sbr. stafadráttur, skriftarátt, rétt grip/líkamsstilling, grunnform stafa/talna og frágangur. Nemendur æfa sig í að skrifa með mismunandi skriftaráhöldum sem hjálpar upp á fínhyrfingar. Nemendur semja eigin frásagnir með aðstoð kennara eða foreldra, einstaklingslega eða í hópum. Unnið er með þeirra eigin frásögn í skólanum t.d. út frá vettvangsferðum. Nemendur fá tækifæri til þess að tjá sig fyrir framan bekkjarfélagi, segja frá eigin reynslu, endursegja, lesa upp eigin texta og annarra en einnig að hlusta á flutning á sögum, ljóð o.s.frv. Þeir eru hvattir til þess að tala skýrt og áheyrilega, jafnframt er farið yfir helstu reglur sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu. Þjálfun í þessum þáttum fer fyrst og fremst fram í kennslustundum m.a. við lestur sögubóka, á bekkjarskemmtunum/árshátíð sem og þegar við fáum í heimsókn áhugaverða leikhópa eða rithöfunda. Kennsla í málfræði er samofin kennslu í öðrum þáttum móðurmálsins. Kennnd eru málfræðihugtök um leið og þau koma fyrir í máli og málnotkun. Kennnd eru hugtök eins og bókstafur, hljóð, sérhljóð/samhljóð í tengslum við aðra vinnu í lestri. Samhliða er unnið með sérnöfn, samnöfn, andheiti, samheiti og samsett orð. Notuð eru öll tækifæri sem gefast til að leika með málið með rími og orðaleikjum sbr. Markvissri málörvun.

### **Heimanám**

Nemendur lesa heima að minnsta kosti 5x í viku í bókum af lesbókalista, sögubókin verður send heim af og til þar sem nemendur eiga að semja sögu með aðstoð foreldra fyrst í stað.

### **Námsmat**

Að vori eru ekki gefnar einkunnir heldur eingöngu umsögn. Byggist fyrst og fremst á umsögn um vinnu og iðjusemi, stafakönnun er lögð fyrir tvisvar til þrisvar á skólaárinu, Leið til Læsis er lagt fyrir nemendur í byrjun október og Hljóðfærni fyrir nemendur sem koma slakir út úr Leið til Læsis. Lesfimiþróf eru lögð fyrir í september, janúar og maí. Lesskilningur kannaður að vori.

### **Stærðfræði**

**Kennari: Hallfríður Guðný Ragnarsdóttir**

**Vikustundir:** 6 kennslustundir

### **Hæfniviðmið**

- Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar
- Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

### Tölur og reikningur

- Talnaskilningur upp í 20 +.
- Talnalína
- Sætiskerfi, tugur, eining.
- Samlagning, frádráttur.
- Notkun mismunandi gagna við lausn verkefna.

### Rúmfræði og mælingar

- Tvívíðform
- Eiginleikar og einkenni forma/hluta
- Hnitakerfi
- Mynstursgerð
- Samanburður með óstöðluðum mælieiningum.
- Tími: hugtök tengt tímasetningum, klukka

### Tölfræði og líkindi

- Greining, flokkun, pörun.

### Kennsluefni / kennslugögn

Sproti 1a og 1b ásamt aukaverkefnum, vefefni tengt Sprotu, Kubbar, smáhlutasafn, talnagrind, vasa reiknar, reglustikur, þrautalausnir, pinnabretti, form, ýmis mælitæki, spil, námsforrit, speglar.

**1. önn:** Sproti 1a, nemendabók og æfingahefti.

**2. önn:** Sproti 1b, nemendabók og æfingahefti.

### Kennsluhættir

Kennsluaðferðir verða margvíslegar sbr., með innlögn, umræðum, verklegri vinnu, æfingum, þrautalausnum, rannsóknum, tilraunum, einstaklingslega og í hópum, stöðvavinnu. Áherslan er að nemendur verði hæfari til að takast á við stærðfræðileg viðfangsefni í hinu daglega lífi. Einnig verður áhersla lögð á að nemendur komi með sín eigin reiknirit og lausnleiðir og geti jafnframt útskýrt fyrir kennara og samnemendum sínum hvernig hann fór að og geti einnig farið aðrar leiðir til þess að finna sömu lausn.

### Heimanám

Af og til verða send heim verkefni sem tengist þeirri vinnu sem fer fram í stærðfræðibókinni ásamt Sprotabókunum.

## Námsmat

Að vori eru ekki gefnar einkunnir heldur eingöngu umsögn. Mat fer fram með símati, þar sem meðal annars er skoðað hvernig nemandi tekst á við verkefnið, hvernig hann notar námsgögn og hvernig hann dregur ályktun út frá lausnarferlinu. Einnig verður vinnuferill, umræður og framfarir metnar. Einföld matsblöð verða einnig lögð fyrir yfir veturinn.

## Enska

**Kennari: Hallfríður Guðný Ragnarsdóttir**

**Vikustundir:** 1 kennslustund

### Hæfniviðmið

Hæfniviðmið í erlendum tungumálum skiptast í: hlustun, lesskilningur, samskipti, frásögn, ritun, menningarläsi og námshæfni.

#### Hlustun

Að nemandi:

- Skilji fyrirmæli og leiðbeiningar kennara á ensku.
- Skilji efni á hljómböndum/myndböndum/geisladiskum í tengslum við viðfangsefni sem unnið er með og eru honum kunnugleg.
- Þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða í tengslum við hlustunarefni.
- Geti lesið og skilið einfaldan texta.

#### Lesskilningur

Að nemandi:

- Geti fylgt ýmsum barnatextum, s.s. þulum, rími, ljóðum og rappi.

#### Samskipti

Að nemandi:

- Skilji féлага sína í samskiptum í kennslustundum.

#### Frásögn

Að nemandi:

- Geti tekið þátt í samskiptum í kennslustofu, þ.e. kynnt sig, heilsað, kvatt og þakkað fyrir sig.

#### Ritun

Að nemandi:

- Geti skrifað eftir fyrirmyndum skiljanlega, skipulega og viðeigandi stutta texta um kunnugleg efni.
- Þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða í ritun.

- Þjálfist í réttri stafsetningu algengra orða sem koma fyrir í námsefni.

### **Kennsluefni / kennslugögn**

Myndbönd og verkefni frá <https://learnenglishkids.britishcouncil.org> og ýmist annað efni frá kennara.

### **Kennsluhættir**

Unnið með margvísleg orð og texta á fjölbreyttan hátt þar sem áhersla er hlustun, tal, lestur og skrift.

### **Samfélags- og Náttúrufræði**

**Kennarar: Hallfríður Guðný Ragnarsdóttir**

**Vikustundir:** 6 kennslustundir

### **Kennsluefni / kennslugögn**

Halló heimur 1, lesbók og vinnubók, ásamt aukaefni frá kennurum

### **Kennsluhættir**

Samfélagsfræði fléttast saman við náttúrufræði/líffræði, ásamt því að tengjast íslensku. Lögð verður áhersla á að vinna viðfangsefnið með fjölbreytilegum kennsluháttum, sbr. einstaklingslega, í hópavinnu, gerðar tilraunir, unnið myndrænt og farið í vettvangsferðir.

### **Viðfangsefni**

- Árstíðir
- Ljós og skuggar
- Mannlíkaminn
- Húsdýr og gæludýr
- Umferðin
- Umhverfið okkar
- Trú
- Sjálfsmyndin
- Fjölskyldan

### **Yfirmarkmið námsefnisflokksins er að**

- vekja áhuga nemenda á yngsta stigi í náttúru- og samfélagsgreinum og virkja innri áhugahvöt þeirra
- efla læsi í víðu samhengi s.s. merkjalæsi, myndalæsi, kortalæsi, samfélagslæsi, samskiptalæsi og líkamstjáningu



- virkja ímyndunarafl og sköpunargáfu nemenda ásamt gagnrýninni hugsun
- þjálfna nemendur til vinna sjálfstætt og í samstarfi við aðra
- hvetja til sjálfstæðrar þekkingarleitar
- efla ritun og orðaforða nemenda
- samþætta yfirferðina við skólastarfið í heild sinni, nærumhverfið og samfélagið
- að læra í gegnum hreyfingu, leiki og þrautir, inni sem úti.

### Heimanám

Engin föst heimavinna er í samfélags- og náttúrufræði en það gætu komið fyrir að beðið verður um smá aðstoð við ýmis viðfangsefni heima.

### Námsmat

Ekki er gefið í einkunnum að vori heldur eingöngu skriflegri umsögn. Metin verður vinna nemenda, áhugi þeirra á viðfangsefnum og samvinna.

### Upplýsinga- og tæknimennt

**Kennari:** Hallfríður Guðný Ragnarsdóttir

**Vikustundir:** ein kennslustund á viku.

Markmið að nemendur:

- gangi vel um spjaldtölvurnar og læri að ganga frá þeim
- fylgist vel með í kennslustundum og fari eftir fyrirmælum
- læri að nota einföld forrit
- öðlist þekkingu á grunnatriðum forritunar

**Leiðir:** Nemendur læra grunnatriði í forritun með hjálp nokkurra forrita í spjaldtölvum og á netsíðum þar sem kennd er forritun. Einnig fá nemendur að kynnast fjölbreyttum mismunandi námsleikjum í gegnum Osmo og öðrum forritanlegum tækjum.

**Námsefni:** Ýmis verkefni frá kennara og af netinu. Forritunarforritin: Code.org, codespark, Scratch, Tynker, sprite box, box island ásamt fleiri smáforritum. Osmo - stærðfræði, stafir, rökhugsun og forritun. Ásamt öðru fjölbreyttu efni.

### List- og verkgreinar

Megintilgangur með námi í list- og verkgreinum í grunnskóla er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum það sem reynir á verkkunnáttu, sköpunarkraft, samhæfingu hugar,

hjarta og handar og margar ólíkar tjáningarleiðir. Sameiginleg hæfniviðmið fyrir list- og verkgreinar fyrir lok 4. bekkjar, 7. bekkjar og við lok 10. bekkjar flokkast undir menningarlæsi.

Heimilisfræði

**Kennari:** Elísabet Kristín Atladóttir

**Vikustundir:** 2 kennslustundir hálfan veturinn.

### Hæfniviðmið

Hæfniviðmið í heimilisfræði einblína á manneskjuna, líf og lífsskilyrði hennar auk andlegra og líkamlega þarfa. Stuðla á að góðu heilsufari, neysluvenjum og almennt heilbrigðum lífsháttum.

Námsþættir	Viðfangsefni
Eldhúshöld	Þekkja heiti þeirra og hvernig á að nota þau.
Hreinlæti	Almennt um hreinlæti og hvernig það kemur fyrir á heimilum t.d. handþvottur, mismunandi notkun á tuskum (borðtuskur, viskastykkjum og skúringamoppum) auk þrifa á borðbúnaði.
Næring og hollusta	Tannvernd, hollt og óhollt, mikilvægi þess að drekka vatn.
Matvælafræði	Fæðuhringurinn, heiti algengra fæðutegunda, viti hvaðan matvælin koma, smakki það sem unnið er með.
Annað	Læra að umgangast eldhús og því sem það við kemur .

### Kennsluhættir

Unnið er annaðhvort í hópum eða pörum, fer eftir fjölda nemenda.

### Námsgögn

Notast er við bókina Gott og gaman - Heimilisfræði fyrir byrjendur og annað útprentað efni frá kennara.

### Heimanám

Ekki er gert ráð fyrir heimanámi í heimilisfræði

### Námsmat

Námsmat er í formi umsagnar og einkunninni lokið - ólokið í lok annar. Horft er í vinnusemi, metnað, vandvirkni, hreinlæti og hegðun með símati eftir hvern tíma.

Hönnun og smíði

**Kennari:** Dagbjört Lína Kristjánsdóttir

**Vikustundir:** 2 kennslustundir hálfan veturinn.

### Hæfniviðmið

Hæfniviðmiðum í hönnun og smíði er skipt upp í þrjá efnisflokka og eru þeir megináherslusvið greinarinnar Flokkarnir tengjast þó allir innbyrðis. Þessir flokkar eru handverk, hönnun og tækni og umhverfi. Hæfniviðmið fyrir sjónlistir koma til viðbótar sameiginlegum hæfniviðmiðum í list- og verkgreina.

### Umhverfi

Að nemandi:

- sýni aðgæslu í umgengni við verkfæri
- sé meðvitaður um góða umgengni í smíðastofunni
- sýni skilning á mikilvægi þess að fylgja vinnureglum á vinnusvæði
- sýni vinnu annarra virðingu
- átti sig á mikilvægi þess að ganga rétt frá
- þekki algengustu byggingaefni í umhverfi sínu
- geri sér grein fyrir að náttúruauðlindir eru ekki óþrjótandi og því þurfi að fara vel með allan efnivið
- þekki rafknúin tæki í umhverfi sínu

### Handverk

Að nemandi:

- þekki og geti notað grunnverkfærin hamra, sagir og raspa.
- þekki mun á fínnum og grófum sandpappír og geti notað hann
- hafi notað einfaldar gerðir samsetninga, s.s. lím og nagla
- geti notað helstu mælitæki, s.s. málstokk og málband
- geti málað með vatnsleysanlegum efnum

### Hönnun og tækni

Að nemandi:

- hafi unnið að hugmyndavinnu
- geti gert einfalda mynd af smíðisgrip og unnið eftir henni
- skilji framvindu vinnuferlis
- geti gert vinnulýsingu á verkefninu fyrir verkefnaöppu
- Að nemendur læri að vinna með tré.
- Að nemendur þekki helstu verkfæri og þekki nöfnin þeirra.
- Að nemendur geri sér grein fyrir hvaða verkfæri hentar fyrir viðfangsefnið.

### Kennsluhættir

Í hönnun og smíði er stefnt að því að gera nemendur sjálfstæða í verki til að þroska verkfærni og verkunnáttu. Nemendum eru kennd rétt vinnubrögð frá upphafi og rétt umgengni við

vinnusvæði og verkfæri þar sem öryggi þeirra og annarra í smíðastofunni skiptir miklu máli. Þema vetrarins er endurnýting og er því stefnt að því að gera nemendur meðvitaðri um umhverfi sitt ásamt því að þeir læri að nýta efnisheiminn. Nemendur eru studdir í því að setja sér raunhæf markmið og hjálpað að gera sér grein fyrir framförum. Náminu er ætlað að þroska skipulags-hæfileika nemenda og þurfa þeir að öðlast skilning á því hvernig verk er brotið upp í verkþætti. Námsmatið er einstaklingsmiðað og leitast við að koma til móts við áhugasvið hvers og eins nemanda þegar verkefni eru valin. Markmið hönnunar og smíða er að hjálpa nemendum að skynja og meta fallega hönnun, handverk, hagnýtingu tækni og að skilja uppbyggingu atvinnulífsins. Nemendur fá að kynnast fornu handverki og nútíma handverki þar sem þeir gera sér grein fyrir samhengi nútíðar, fortíðar og framtíðar. Nemendum er úthlutað verkefnum sem þau vinna með og leysa eftir bestu getu.

### **Verkefni:**

- Hanna og smíða þeytisþjald
- Hannaður og smíðaður,skór” þar sem að lokum er borað fyrir reimum. Þræddar reimar í skóinn” og nemendur fá kennslu í því að reima
- Smíða bát úr þykkri birkiflögu og sauma svo segl á bátinn í textílmennt
- Skreyta þunna birkiflögu sem notuð verður sem skraut á lyklakippu í textílmennt

### **Námsmat**

Námsmatið er einstaklingsmiðað og metið er eftir hæfniviðmiðum. Kennari kynnir fyrir nemendum hvernig námsmatið mun fara fram og miðar verkefni við að hvaða hæfniviðmiðum er stefnt.

Myndmennt

**Kennari: Dagný Rut Kjartansdóttir**

**Vikustundir:** 2 kennslustundir hálfan veturinn.

### **Markmið:**

Að Nemendur kynnist grunnþáttum myndlistar. Kynnist ólíkum efnum og öðlist þjálfun í að efla skapandi hugsun.

### **Kennsluefni:**

Námsefni frá kennara.

### **Skipulag:**

Nemendur munu byrja á því að búa sér til möppu þar sem þeir munu geyma listaverkin sem þeir gera á skólaárinu. Nemendur munu vinna fjölbreytt og skapandi verkefni, fá að kynnast hinum ýmsu gerðum af efnivið sem hægt er að nota í myndlist.

## Hæfniviðmið

### Nemendur geta:

- unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd að lokaútkomu.
- unnið einföld verkefni í hópi.
- tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.
- nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar.
- tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.
- unnið út frá kveikju við eigin listsköpun.
- þekkt og notað hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni.
- fjallað um eigin verk og annarra.
- Frágangur verkefni og áhalda

## Kennsluhættir

Í upphafi er viðfangsefni tímans kynnt fyrir nemendum, ýmist með sjónðæmum eða munnlega. Lögð er áhersla á að nemendur leggi metnað sinn í að leysa hvert verkefni eins vel og kostur er. Unnið verður með einstaklings- og hópaverkefni.

## Námsmat

Vinna nemanda í tímum metin þ.e.a.s. vinnusemi, áhuga, frágangi, árangur.

## Textílmennt

**Kennari: Karitas Eiðsdóttir**

**Vikustundir:** 2 kennslustundir hálfan veturinn.

## Hæfniviðmið

Að nemendur læri að meta gildi textílmennta til nytja, lista og tómsundaiðju.

### Handverk, aðferðir og tækni

Að nemendur temji sér strax í upphafi sjálfstæð vinnubrögð og velji eins mikið sjálf og hægt er innan þeirra marka og aðferða sem þau eru að læra hverju sinni. Að nemendur gangi vel um og eigi góð samskipti við aðra.

### Sköpun, hönnun og útfærsla

Nemandi taki þátt í umræðum um fagurfræðileg sjónarmið í einfaldri mynd, s.s. lit, lögun, glaðlegt, hlýlegt, fallett.

### Menning og umhverfi

Nemandi fjalli um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, starfa og tilefna.

## Kennslugögn

Uppskriftir og vinnulýsingar sem kennari býr til sjálfur auk þess sem valið er úr fagblöðum, bókum eða af netinu.

### **Kennsluhættir**

Miðast er við að gera nemandann, með vinnu sinni, sjálfbjarga í undirstöðuatríðum textílmennta. Að hann geti farið eftir verklýsingum og læri að vinna með þau tæki sem til þarf hverju sinni.

### **Verkefni**

- Sauma mynd með þræðispori.
- Búa til dúsk.
- Búa til orm, þræða efnisbúta og perlur upp á band.
- Læra að puttaprjóna.

Þeir sem ljúka verkefnum sínum fá aukaverkefni við hæfi.

**Heimanám:** Ekki er gert ráð fyrir heimanámi í textílmennt.

**Námsmat** Áhugi, vinnusemi, vandvirkni og hegðun metin með símati eftir hvern tíma. Umsögn gefin í lokin.

### **Skólaíþróttir**

**Kennari:** Gunnar Andri Pétursson

**Vikustundir:** 3 kennslustundir á viku.

### **Hæfniviðmið**

#### **Íþróttir**

- Að efla líkamsþroska og auka þrek.
- Að vekja áhuga á reglubundinni íþróttaiðkun og líkamsrækt.
- Að efla félags- og tilfinningaþroska.
- Að auka sjálfstraust og viljastyrk og efla samvinnu.

#### **Sund**

- Að nemendur fái markvissa sundkennslu og verði færir um að bjarga sér og öðrum.
- Að nemendur skilji mikilvægi reglubundinnar sundiðkunar og geti nýtt sér sundið sem heilsu- og líkamsrækt er fram líða stundir.
- Að ná sundstigi hvers árgangs.
- Að auka áhuga á sundi sem íþrótt.

### **Kennsluefni / kennslugögn**

Boltar og áhöld í íþróttahúsi og sundlaug. Ýmis hefti um íþróttir og skólasund til að styðjast við í kennslu.

### **Kennsluhættir**

Nemendur taka þátt í æfingum, leikjum og þrautum (með eða án áhalda og tónlistar). Þeir fá þannig tækifæri til að: efla og reyna á samspil skynfæranna; þjálfra grunnhreyfingar; efla hraða, þol, kraft, viðbragð, líkamsreisn og líkamsstöðu. Auk þess eiga íþróttir að veita nemendum: útrás fyrir hreyfipörf; tækifæri til skapandi hreyfinga og tækifæri til að öðlast öryggisfinningu í vatni. Með þátttöku í hópleikjum og annarri samvinnu fá nemendur tækifæri til að efla félagsþroska. Til að öryggisreglum sé fylgt, þannig að allir geta haft gaman af, þurfa nemendur að læra að umgangast íþróttahús, áhöld og tæki á öruggan hátt og læra að bregðast við fyrirmælum og merkjum kennara.

### **Kennsluáætlun**

#### **1. Önn skipt í tvö tímabil**

##### **1. Sund**

Íþróttir: Úti/inni tímar eftir veðri

##### **2. Leikfimi**

Leikir, stöðvapjálfun, innibandý, hnit, fótbolti, fimleikar, blak, skólahreysti, frjálssar íþróttir, handbolti, körfubolti.

#### **2. Önn skipt í tvö tímabil**

##### **1. Leikfimi**

Leikir, stöðvapjálfun, innibandý, hnit, fótbolti, fimleikar, blak, skólahreysti, frjálssar íþróttir, handbolti, körfubolti.

##### **2. Sund:**

Íþróttir: Úti/inni tímar eftir veðri

Athuga: Nemendur eiga að koma með sér fatnað til íþróttaiðkana (stuttbuxur og bol). Ætlast er til að nemendur fari í sturtu eftir íþróttatíma. Nemendur í 1. bekk eiga að vera á tánum í íþróttatímum. Í sundi er æskilegt að vera í sundbol/sundskýlu, en ekki bikiní eða stuttbuxum sem ná niður fyrir hné. Þeir nemendur sem ekki geta synt án sundgleraugna verða að koma með sín eigin.

### **Námsmat**

Prófa- og kennaramat. Í íþróttum er metin færni, áhugi og ástundun. Gefin er umsögn í janúar og umsögn í maí. Stuðst er við hæfniviðmið við lok 4. bekkjar Kennaramat felst í umsögnum um nám og vinnubrögð nemenda og er það hluti af símati skólans.